

Umsögn Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands vegna frumvarps til laga um þjóðaróperu

Aðstandendur Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands fagna fyrirhugaðri stofnun þjóðaróperu. Telja þeir mikið fagnaðarefni að í frumvarpinu sé lögð áhersla á að þjóðarópera standi fyrir samvinnuverkefnum með aðilum í öllum landshlutum enda teljum við það forsendu þess að þjóðarópera standi undir nafni.

Ýmsar leiðir eru mögulegar varðandi samstarf og samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands og þjóðaróperu. Bæði hvað varðar óperuuppsetningar/óperusýningar og samvinnu um tónleikahald. Einnig eru skýrir möguleikar á samvinnu um fræðsluverkefni og skólatóneika. Samvinnuverkefni þjóðaróperu og Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands munu efla starf beggja.